

Ársskýrsla nefndar um dómarastörf

2023

Nefnd um dómarastörf starfar samkvæmt II. og VIII. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla og reglum nr. 1165/2017, sbr. reglur nr. 1499/2023 um aukastörf héraðsdómara, landsréttardómara og hæstaréttardómara og eignarhlut þeirra í félögum og atvinnufyrirtækjum og skráningu þeirra.

Nefndin hélt sex formlega fundi á árinu. Fjölmargar ákvarðanir voru að auki teknar með rafrænum samskiptum nefndarmanna utan funda.

Nefndin hefur eftirlit með lögbundinni hagsmunaskráningu íslenskra dómara. Nefndin tók fyrir 95 erindi er vörðuðu dómara. Um var að ræða tilkynningar um aukastörf dómara, tilkynningar um að látið hefði verið af aukastarfi, beiðnir dómara um heimild til að gegna aukastarfi og beiðnir og tilkynningar dómara er vörðuðu eignarhluti í félagi eða atvinnufyrirtæki.

Nefndin tekur á móti og fjallar um kvartanir vegna starfa dómara sem ekki falla undir dómsúrlausnir. Nefndinni bárust þrjár kvartanir á árinu. Öllum málunum var lokið án málsmeðferðar og þeim vísað frá þar sem kvartanir féllu ekki undir valdsvið nefndarinnar.

Síðari hluta ársins vann nefndin að breytingum á 6. og 7. gr. reglna nr. 1165/2017 um aukastörf héraðsdómara, landsréttardómara og hæstaréttardómara og eignarhluti þeirra í félögum og atvinnufyrirtækjum og skráningu þeirra. Voru þær fyrst og fremst gerðar í þeim tilgangi að skerpa á inntaki nefndra greina reglnanna. Þá var viðmiðunarfjárhæð 2. mgr. 7. gr. hækkuð. Framangreindar breytingar voru birtar í B-deild Stjórnartíðinda 27. desember 2023, sbr. reglubreyting nr. 1499/2023.

Þann 1. desember 2023 tók Sigrún Guðmundsdóttir fyrrverandi héraðsdómari sæti í nefndinni í stað Helga I. Jónssonar fyrrverandi hæstaréttardómara sem lét af störfum 30. nóvember 2023. Aðrir nefndarmenn eru Ragnheiður Thorlacius fyrrverandi héraðsdómari, formaður nefndarinnar, og Sindri M. Stephensen dósent við Háskólann í Reykjavík.

Reykjavík 27. febrúar 2024.

Ragnheiður Thorlacius formaður.